

Skilagrein og tillögur starfshóps um Framtíðarþróun Byggðastofnunar

1. Inngangur

Í júní 2005 skipaði iðnaðar- og viðskiptaráðherra starfshóp til að fjalla um fjárhagsvanda Byggðastofnunar og móta tillögur um framtíðarstarfsemi stofnunarinnar og þeirra málflokka sem hún hefur sinnt. Var hópnum falið að meta fjármögnunarstarfsemi og atvinnuþróunarstarfsemi m.a. með tilliti til eftirtalinnna þátta:

- Samfélagslegra markmiða og hlutverks ríkisins í byggðamálum.
- Möguleika markaðarins á því að leysa ákveðin verkefni er tengjast núverandi starfsemi Byggðastofnunar.
- Að unnt verði að stunda fjármögnunarstarfsemi án aukinna fjárveitinga.
- Að atvinnuþróunarstarfsemin geti tekist á við framtíðarverkefni á sviði nýsköpunar.

Í starfshópnum voru skipuð:

- Páll Magnússon, formaður
- Berglind Svavarsdóttir
- Einar K. Guðfinnsson
- Magnús Stefánsson
- Sveinn Þorgrímsson

Einar K. Guðfinnsson lét af setu í starfshópnum þegar hann tók við embætti sjávarútvegsráðherra. Í stað hans tók Einar Oddur Kristjánsson sæti í starfshópnum. Með hópnum starfaði Sigurður H. Helgason, framkvæmdastjóri Stjórnháttanna.

Starfshópurinn hefur haldið átta fundi. Á fundi hópsins hafa mætt forstjóri og stjórnarformaður Byggðastofnunar, forstjórar Iðntæknistofnunar og Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins og fulltrúar frá atvinnuþróunarfélögum.

Til grundvallar að starfi hópsins var lögð fram skýrsla ráðgjafarfyrirtækisins Stjórnháttanna: *Framtíðarþróun Byggðastofnunar - Greining á meginvalkostum unnin að beiðni iðnaðar- og viðskiptaráðuneytisins*. Í skýrslunni er gerð ítarleg grein fyrir stöðu og vanda Byggðarstofnunar. Bent er á að stofnunin sé ekki það forustuafl í málaflokknum sem ætla mætti, að fjárhagsstaðan sé mjög erfið og að ekki verði sé að fjármögnunarstarfsemin geti orðið fjárhagslega sjálfbær.

Starfshópurinn fór ítarlega fyrir stöðu Byggðastofnunar og ræddi einnig með almennum hætti stuðning hins opinbera við atvinnuþróun og möguleika á að auka hagkvæmni og árangur á því sviði.

2. Meginniðurstöður starfshópsins

- 2.1. Fjárhagsstaða Byggðastofnunar er mjög erfið og eiginfjárlutfallið er komin undir þau mörk sem Fjármálaeftirlitið setur. Stofnunin getur ekki að óbreyttu uppfyllt það lagaskilyrði að fjárhagslegt markmið lánastarfsemi skuli vera að varðveita eigið fé að raungildi. Ljóst er að starfsemi Byggðastofnunar getur ekki haldið áfram nema að umtalsverðum fjárskuldbindingum verði létt af stofnuninni
- 2.2. Erfið fjárhagsstaða skýrist af miklum útlánatöpum sem eru afleiðing af því að tekin hefur verið áhætta í lánveitingum. Við þetta bætist að með aukinni samkeppni á fjármálamarkaði hefur dregið mjög ört úr eftirspurn eftir langtímalánunum stofnunarinnar og verður ekki séð að grundvöllur sé til að halda þeirri starfsemi áfram í núverandi mynd. Þrátt fyrir þetta þarf áfram að huga sérstaklega að lánsfjármögnun atvinnuuppbyggingar á þeim svæðum sem verst eru sett.
- 2.3. Breytingar á fjármálamarkaði þýða að ekki er jafn mikil þörf og áður fyrir opinbera lánastarfsemi. Þetta gefur mikilvæg tækifæri til að móta nýja stefnu og áherslur með því markmiði að gera starfsemi Byggðastofnunar markvissari og sérhæfðari.
- 2.4. Þrátt fyrir þessar breytingar er áfram þörf á öflugri starfsemi ríkisins á sviði byggðamála, fyrir stofnun sem gegnir forustu- og samhæfingarhlutverki í málaflokknum fyrir hönd ráðherra og á opinberum stuðningi við fjármögnun atvinnureksturs á landsbyggðinni. Ljóst er að auka þarf hæfni á sviði byggðamála og atvinnuþróunar og þróa nýjar aðferðir til að auðvelda fyrirtækjum aðgang að fjármagni.
- 2.5. Ástæða er til að endurmeta til hvaða svæða einstakar aðgerðir stjórnvalda í byggðamálum beinast, með það að markmiði að tekið verði sérstaklega á vanda þeirra byggðalaga sem búa við viðvarandi fólksfækkun og eiga undir högg að sækja í atvinnumálum.

3. Tillögur starfshópsins

- 3.1. Starfshópurinn leggur áherslu á að til skemmri tíma, á meðan ekki komi frekari athugasemdir frá Fjármálaeftirlitinu, haldi lánastarfsemi stofnunarinnar áfram með hefðbundnum hætti. Jafnframt verði unnið að ráðstöfunum í lengri tíma. Þá m.a. skoðað hvort til greina komi afskriftir skulda eða bein framlög ríkisins til styrktar stofnuninni.
- 3.2. Samhliða þessu þarf að gera grundvallarbreytingar á fjármögnunarstarfsemi Byggðastofnunar þannig að hún standi undir þeim rekstri án fjárstuðnings ríkisins. Þróuð verði fjármögnunartæki og vinnubrögð sem miða að því að efla samstarf við fjármálafyrirtæki með því markmiði að auðvelda fjármögnun atvinnustarfsemi á landsbyggðinni. Í þessu sambandi koma ýmsar aðferðir til greina, t.d. ábyrgðir, áhættulán og þróunarstyrkir.
- 3.3. Stuðlað verði að auknum árangri á sviði byggðamála með skýrri stefnumótun stjórnvalda, ásamt bættri og skýrari forgangsroðun verkefna. Nauðsynlegt er að efla og þróa faglega hæfni, einfalda stjórnun og skýra ábyrgð í rekstri Byggðastofnunar. Samstarf við atvinnuþróunarfélögin og aðra aðila sem vinna að atvinnuþróun og nýsköpun verði eflt. Nýta þarf vaxtasamninga sem tæki til að efla samstarf á þessu sviði.

- 3.4. Sérstaklega verði hugað að frekari samhæfingu eða samþættingu starfsemi Byggðastofnunar, Impru, Iðntæknistofnunar, Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins, vaxtarsamninga og annarar atvinnuþróunarstarfsemi á vegum iðnaðar- og viðskiptaráðuneyta með það að markmiði að tryggja sterka stöðu og sýnileika byggðamála í þeirri starfsemi sem ætlað er að stuðla að atvinnuþróun og nýsköpun.